

Mál nr. 337/2018

**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar einstaklings I**

Maður rann á plötu og slasaðist 25.5.2018.

Gögn.

Málskot, móttakið 30.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-13.
Bréf V, dags. 9.11.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa ætlað að hjálpa tengdamóður sinni með að henda dóti og fara með það á Sorpu og segir að þegar hann hafi komið á vettvang hafi I verið byrjuð að bera út dót m.a. stóra glæra plastplötu, sem I hefði lagt á gangstéttina fyrir framan útidyrhurðina og sá M ekki plötuna, sem M segir að hafi nánast fallið algjörlega inn í umhverfið og hafi hann runnið á plötunni með þeim afleiðingum að hann þríöklabrotnaði og fór úr lið á ökkla. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu I og segir að I hafi ekki varað sig við því að platan væri þarna og auðvelt hefði verið að geyma hana með öðrum hætti t.d. upp við vegg eða annarsstaðar en í gangveginum. I hafi því ekki sýnt nauðsynlega varúð og sýnt af sér saknæma háttsemi. V hafnar bótaskyldu og telur I hafi ekki gerst sek um saknæman verknað þegar hún setti plast-gólfhlíf út á gangstétt og það sé ekki saknæmt af hálfu I að upplýsa M ekki um það að plasthlífin hefði legið þar sem hún var í umrætt sinn. V telur að ekki sé hægt að gera svo ríkar kröfur til húseiganda sem M byggir á að séu fyrir hendi.

Álit.

Af gögnum málsins og atvikalýsingu skv. gögnum málsins verður ekki séð að slys M stafi af því að I hafi ekki viðhaft nauðsynlega aðgát og beri saknæma ábyrgð á slysi M. Verður að líta svo á að um óhappatilvik sé að ræða. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V.

Reykjavík 29.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.